FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Vinnustaðarnám 1 - Vinnumarkaður
Námsgrein:	vinnustaðanám
Viðfangsefni:	réttindi og skyldur, vinnumarkaður
Skammstöfun:	VINS1RV10
Þrep:	1
Einingafjöldi:	10
Lýsing:	Áfanginn byggir á að nemendur öðlist þekkingu og færni á hinum almenna vinnumarkaði. Nemendur sem eru í starfi, meðfram námi, hafa tök á að sækja þennan áfanga. Áfanginn byggir á vinnuframlagi nemandans á vinnustað og verkefnum sem tengjast vinnumarkaði sem og reglulegum dagbókarskrifum. Skólinn hefur frumkvæði að því að koma á þríhliða samkomulagi nemanda, vinnustaðar og skóla um framkvæmd og tilhögun áfangans.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • umhverfi vinnumarkaðarins • þeim kröfum sem gerðar eru á vinnumarkaði • samskiptum við yfirmenn sína og hlutverkum þeirra • aukinni hæfni í starfi sínu • lífeyrissjóðum • mikilvægum öryggisreglum og aðbúnaði • upplýsingum á launaseðli • kjarasamningum • stéttarfélagi • hlutverkum yfirmanna • rétti sínum á vinnumarkaði • trúnaðarmanni og hluverkum hans
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • átta sig á þeim kröfum sem gerðar eru á vinnumarkaði • greina samskipti við yfirmenn sína og hlutverk þeirra • greina hlutverk lífeyrissjóða • þekkja mikilvægi öryggisreglna og greina nauðsynlegan aðbúnað • lesa launaseðil • lesa kjarasamning • þekkja rétt sinn á vinnumarkaði • þekkja lögbundin hlutverk atvinnurekandans gagnvart starfsfólki
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

	• lesa aðstæður á vinnumarkaði • hafa grunnþekkingu á sínum réttindum og skyldum á vinnumarkaði • öðlast metnað til að standa sig vel í sínu starfi • geta greint sinn launaseðil • þekkja hlutverk síns stéttarfélags og hvað felst í kjarasamningi • þekkja hlutverk og skyldur yfirmanna, trúnaðarmanna, öryggistrúnaðarmanna og fleiri lykilpersóna á sínum vinnustað
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.